



## Fundargerð aðalfundar Arion banka hf.

Aðalfundur Arion banka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík þriðjudaginn 17. mars 2020 og hófst fundurinn kl. 16:00.

### 1. Setning fundar

Fundurinn hófst með því að Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður Arion banka hf., bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Lagði hann því næst til að Guðbjörg Hjartardóttir lögmaður yrði kjörin fundarstjóri og var það samþykkt. Tók Guðbjörg þá við fundarstjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði því næst til að Snorri Sigurðsson, lögfræðingur í lögfræðiráðgjöf Arion banka hf., yrði kjörinn fundarritari og var sú tillaga samþykkt. Tók fundarritari þá þegar við fundarritun.

Fundarstjóri upplýsti að 54 hluthafar eða fulltrúar þeirra væru mættir á fundinn sem samtals færu með atkvæðisbæra hluti eða 68,84% hlutafjár í Arion banka hf. Tók fundarstjóri fram að við mat á mætingu hefðu verið taldir með hlutir þeirra hluthafa sem greitt hefðu atkvæði með rafrænum hætti utan hluthafafundar, sem og þeirra hluthafa sem tilkynnt hefðu um rafræna þátttöku á fundinum.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hefði verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 88. gr. a. laga um hlutafélög og ákvæði samþykktá bankans. Fundarboð hefði verið birt í upplýsingakerfi Nasdaq sem og á heimasíðu bankans þann 25. febrúar 2020. Þá hefði boðun til fundarins einnig verið birt í dagblaði hinn 26. febrúar 2020. Tillögur sem væru til umfjöllunar á fundinum, ásamt skýringum við þær, hefðu verið birtar á á vefsíðu bankans og í upplýsingakerfi Nasdaq, auk þess sem þær hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Enginn hreyfði við andmælum og lýsti fundarstjóri fundinn því lögmeitan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans væru.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fundurinn væri aðalfundur vegna ársins 2019.

Þá fór fundarstjóri stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, að hún væri rafræn og færi einkum fram með rafræna kosningakerfinu LUMI AGM, þótt hluthöfum hefði einnig gefist kostur á að nota eldra kerfi, Computershare. Var enn fremur tekið fram að hluthöfum gæfist kostur á rafrænni þátttöku á fundinum og hefðu möguleikar til þess verið auknir enn frekar í ljósi aðstæðna. Tók fundarstjóri fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hefði fengið um kerfið fullnægði það kröfum hlutafélagalaga um rafræna atkvæðagreiðslu á hluthafafundi, einkum ákvæðum 80. gr. a., enda tryggi kerfið rétt hluthafa til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði, auk þess sem tæknibúnaðurinn gerir félaginu kleift að staðfesta hvaða hluthafar sækja fundinn og hvaða atkvæðisrétt þeir hafa, auk þess sem kerfið heldur utan um niðurstöðu atkvæðagreiðslna.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi dagskrá og tillögur:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans á síðasta fjárhagsári
2. Staðfesting ársreiknings bankans fyrir síðastliðið starfsár
3. Ákvörðun um greiðslu arðs
4. Kosning stjórnar bankans
5. Kosning endurskoðunarfélags



6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra
7. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
8. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykka kaupréttaráætlun
9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans
10. Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar
11. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
12. Tillaga um lækkun hlutfjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
13. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
14. Heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breyting á samþykktum
15. Tillaga um breytingu á samþykktum
16. Önnur mál

Fundarstjóri lagði til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið starfsár, þ.e. liðir 1 og 2, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu á ársreikningi. Enginn hreyfði andmælum við því. Fundarstjóri upplýsti jafnframt að ársskýrsla bankans og áhættuskýrsla bankans væru aðgengilegar á rafrænu formi á vef bankans.

### 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans á síðasta fjárhagsári

Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður Arion banka hf., tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðastliðnu fjárhagsári.

### 2. Staðfesting ársreiknings bankans fyrir síðastliðið starfsár

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka hf., gerði grein fyrir ársreikningi bankans en ársreikningurinn lá frammi á fundinum.

Að lokinni ræðu bankastjóra gaf fundarstjóri hluthöfum tækifæri á að taka til máls í tengslum við ársreikning bankans og skýrslu stjórnar.

Enginn tók til máls.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar:

*Stjórn Arion banka leggur til að ársreikningur bankans vegna ársins 2019 verði samþykktur.*

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

### 3. Ákvörðun um greiðslu arðs

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar bankans um að greiddur yrði út arður til hluthafa bankans að fjárhæð kr. 9.977.000.000.

Farið var yfir að tillaga stjórnar væri svohljóðandi:

*Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur um kr. 9.977.000.000,00. Arðgreiðslan mun jafngilda 5,50 krónum á hvern hlut.*



*Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 18. mars 2020.*

*Arðsréttindadagur (e. record date) verður 19. mars 2020. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs.*

*Útborgunardagur (e. payment date) verður 25. mars 2020.*

Fundarstjóri tók fram að hluthafar, sem réðu alls 38,02% hlutafjár í félaginu hefðu krafist þess skriflega að ákvörðun um greiðslu arðs yrði frestað, sbr. ákvæði 3. mgr. 84. gr. laga um hlutafélög, en krafan fæli í sér að ákvörðuninni yrði frestað um tvo mánuði, sem er hámarksfrestun samkvæmt ákvæðinu. Jafnframt tók fundarstjóri fram að í kröfum umræddra hluthafa væri m.a. vísað til núverandi óvissu í efnahagsmálum vegna COVID-19 og mögulegra áhrifa hennar á Íslandi, sem og nýlegra tilmæla Seðlabanka Íslands um að viðskiptabankarnir endurskoði fyrirætlanir sínar um arðgreiðslur til hluthafa.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls um kröfuna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Var því bókað að ákvörðun um greiðslu arðs yrði frestað til framhaldsaðalfundar, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 84. gr. um hlutafélög.

#### **4. Kosning stjórnar bankans**

Fundarstjóri tók fram, að samkvæmt lögum og samþykktum bankans, bæri að kjósa stjórn á aðalfundi bankans.

Fundarstjóri tók fram að upplýsingar um frambjóðendur, sem veita ber samkvæmt 63. gr. a. laga um hlutafélög, þ.e. nafn, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaðila og samkeppnisaðila bankans hefðu verið birtar á vef bankans, auk þess sem þessar upplýsingar hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Þá kom fram í máli fundarstjóra að samkvæmt gr. 14.4 í samþykktum bankans skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í aðalstjórn bankans tilkynna um framboð sitt til stjórnar bankans eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Sjö aðilar hefðu gefið kost á sér í aðalstjórn bankans, en samkvæmt gr. 14.1 í samþykktum bankans, skyldi stjórn bankans skipuð 5-8 mönnum.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn bankans:

- Brynjólfur Bjarnason
- Herdís Dröfn Fjeldsted
- Gunnar Sturluson
- Liv Fiksdahl
- Paul Richard Horner
- Renier Lemmens
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði yfirfarið framboðstilkynningar og lagt mat á óhæði frambjóðenda samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar. Tilnefningarnefnd hefði í skýrslu sinni, sem birt hefði verið í upplýsingakerfi Nasdaq og á heimasíðu bankans, lagt til að allir ofangreindir frambjóðendur yrðu kjörnir í aðalstjórn bankans. Jafnframt hefði tilnefningarnefnd lagt til að Brynjólfur Bjarnason yrði endurkjörinn formaður stjórnar og Herdís Dröfn Fjeldsted endurkjörin sem varaformaður.



Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til stjórnar bankans hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar rétt kjörnir í aðalstjórn bankans. Brynjólfur Bjarnason sem formaður stjórnar og Herdís Dröfn Fjeldsted sem varaformaður.

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt gr. 14.4 í samþykktum bankans skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í varastjórn bankans tilkynna um framboð sitt til varastjórnar eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Þrír aðilar hefðu gefið kost á sér í varastjórn félagsins, en samkvæmt gr. 14.1 í samþykktum bankans skyldi varastjórn skipuð allt að þremur mönnum.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í varastjórn:

- Ólafur Örn Svansson
- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Þröstur Ríkharðsson

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði yfirfarið framboðstilkynningar og lagt mat á óhæði framangreindra frambjóðenda til varastjórnar samkvæmt starfsreglum stjórnar. Tilnefningarnefnd hefði í skýrslu sinni, sem birt hafði verið í upplýsingakerfi Nasdaq og á heimasíðu bankans, lagt til að allir ofangreindir frambjóðendur yrðu kjörnir í varastjórn bankans.

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til stjórnar bankans hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar rétt kjörnir í aðalstjórn bankans.

Í stjórn Arion banka sitja því nú:

- Brynjólfur Bjarnason (formaður)
- Herdís Dröfn Fjeldsted (varaformaður)
- Gunnar Sturluson
- Liv Fiksdahl
- Paul Richard Horner
- Renier Lemmens
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

og varamenn eru:

- Ólafur Örn Svansson
- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Þröstur Ríkharðsson

## 5. Kosning endurskoðunarfélags

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

*Stjórn Arion banka leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið til að halda áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi bankans fram að næsta aðalfundi. Byggir sú tillaga á samningi milli Arion banka og Deloitte ehf. frá ágúst 2019 og 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.*

Enginn fulltrúi hluthafa óskaði eftir því að taka til máls um tillöguna. Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykkis fundarins og var hún samþykkt einróma.



## 6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu tilnefningarnefndar bankans um laun stjórnarmanna og varamanna í stjórn sem gerir ráð fyrir u.þ.b. 3% hækkun frá fyrra ári:

*Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði kr. 490.900, mánaðarlaun varaformanns verði kr. 736.200 en mánaðarlaun stjórnarformanns verði kr. 981.400. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 248.600 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 490.900 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði. Í tilviki erlendra stjórnarmanna skulu framangreindar tölur vera tvöfaldar. Stjórnarmenn búsettir á Íslandi skulu njóta réttinda um séreignarsparnað í samræmi við gildandi kjarasamning Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í stjórnarnefndum félagsins að hámarki kr. 196.300 á mánuði fyrir setu í hverri nefnd og formönnum stjórnarnefnda kr. 255.000 á mánuði.*

Fundarstjóri gaf fulltrúum hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

## 7. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Samkvæmt tillögunni væri gert ráð fyrir því að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd myndi hækka um u.þ.b. 3% frá fyrra ári.

Bar fundarstjóri því næst eftirfarandi tillögu stjórnar upp til atkvæða:

*Lagt er til að nefndarmenn í tilnefningarnefnd, þ. á m. formaður nefndarinnar, fái kr. 154.500 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 154.500 á mánuði ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði og að hámarki kr. 927.000 á hverju almanaksári.*

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með næsta öllum greiddum atkvæðum.

## 8. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja kaupréttaráætlun

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar bankans:

*Stjórn bankans leggur til við aðalfund, að stjórn verði veitt heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun byggða á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og heimili félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins um kaup á hlutum í bankanum að fjárhæð allt að 600.000 kr. að markaðsvirði á ári hverju næstu fimm ár.*

Gat fundarstjóri þess enn fremur að samkvæmt greinargerð stjórnar með tillögunni væri markmið fyrirhugaðrar kaupréttaráætlunar bankans að samþætta hagsmuni starfsmanna við langtímamarkmið bankans. Gert væri ráð fyrir að fastráðnum starfsmönnum bankans myndi gefast kostur á að kaupa hluti í bankanum fyrir allt að kr. 600.000 á ári, sbr. ákvæði 10. gr. laga um tekjuskatt.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls um tillöguna.



Var tillagan því næst borin undir atkvæði og var hún samþykkt.

## 9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans:

*Stjórn Arion banka leggur til að starfskjarastefna bankans verði uppfærð. Árið 2019 varð til nýtt hlutverk í bankanum, aðstoðarbankastjóri. Núgildandi starfskjarastefna gerir ekki ráð fyrir aðstoðarbankastjóra og er því lagt til að aðlaga orðalag stefnunnar að nýja hlutverkinu þar sem það á við. Þá er lagt til að í stað orðsins „discuss“ í 2. málslíð síðasta kafla stefnunnar komi orðið „present“ til að samræmast betur orðalagi 79. gr. a. laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Loks er lagt til að nýjum kafla um kaupréttaráætlun verði bætt við starfskjarastefnuna. Kaupréttaráætlunin verður byggð á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og heimilar stjórn að semja við starfsmenn um hlutabréfavalrétti. Lagt er til að starfskjarastefnan verði að öðru leyti samþykkt óbreytt frá fyrra ári. Starfskjarastefna bankans eins og hún mun líta út verði þessi tillaga samþykkt má finna í viðauka 1.*

Fundarstjóri tók fram að drög að uppfærðri starfskjarastefnu lægju fyrir í fundargögnum. Fundarstjóri gaf því næst fulltrúum hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna.

Enginn tók til máls og bar fundarstjóri tillöguna upp til samþykktar. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt.

## 10. Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar:

*Stjórn Arion banka leggur til að gerðar verði breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar. Breytingarnar byggja, að meginstefnu til, á sameiginlegum viðmiðunarreglum ESMA og EBA um mat á hæfi stjórnar og lykilstjórnenda (e. assessment of the suitability of members of the management body and key function holders) (EBA/GL/2017/12). Breytingarnar eru lagðar fram með það að markmiði að starfsreglur tilnefningarnefndar samræmist betur viðmiðunarreglunum. Þá eru lagðar til breytingar er snúa að birtingu upplýsinga frá tilnefningarnefnd auk þess að tilvísun til persónuverndarsjónarmiða er bætt við. Loks er lagt til að tilvísun til hlutverks tilnefningarnefndar að upplýsa stjórnarmenn um skyldur sínar verði fjarlægð. Starfsreglur tilnefningarnefndar eins og þær munu líta út verði þessi tillaga samþykkt má finna í viðauka 2.*

Fundarstjóri tók fram að drög að uppfærðum starfsreglum tilnefningarnefndar lægju fyrir í fundargögnum. Fundarstjóri gaf því næst fulltrúum hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna.

Enginn tók til máls og bar fundarstjóri tillöguna upp til samþykktar. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með nær öllum greiddum atkvæðum.

## 11. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri gerði hluthöfum grein fyrir því að samkvæmt dagskrárlið 11 stæði til að kjósa tvo nefndarmenn í tilnefningarnefnd. Útskýrði fundarstjóri að samkvæmt samþykktum bankans og starfsreglum tilnefningarnefndar skyldi gefa hluthöfum bankans kost á að kjósa tvo af þremur nefndarmönnum í tilnefningarnefnd. Þriðji nefndarmaðurinn skyldi vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður sem skipaður yrði af stjórn bankans.



Fundarstjóri kynnti hluthöfum því næst nöfn frambjóðenda og voru þeir eftirtaldir:

- Júlíus Þorfinnsson
- Sam Taylor

Í máli fundarstjóra kom fram að upplýsingar um frambjóðendur hefðu verið birtar á heimasíðu bankans, auk þess sem þessar upplýsingar hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til tilnefningarnefndar hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar rétt kjörnir í tilnefningarnefnd.

Júlíus Þorfinnsson og Sam Taylor voru því réttilega kjörnir nefndarmenn í tilnefningarnefnd.

## **12. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár til niðurfellingar á eigin hlutum. Tillaga stjórnar væri svohljóðandi:

*Aðalfundur Arion banka hf., haldinn þann 17. mars 2020, samþykkir að lækka hlutafé bankans um 84.000.000 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 84.000.000 hlutum, til jöfnunar eigin hluta, úr 1.814.000.000 kr. í 1.730.000.000 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.*

Fundarstjóri gerði jafnframt grein fyrir því að tillagan fæli í sér breytingu á ákvæði gr. 4.1 samþykkt bankans þannig að ef hún yrði samþykkt þá yrði fyrrnefnt ákvæði samþykkt bankans eftirleiðis svohljóðandi:

*„Hlutafé bankans er kr. 1.730.000.000 – Einn milljarður sjöhundruð og þrjátíu milljónir króna.“*

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **13. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga um endurnýjun heimildar stjórnar til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum. Með tillögunni væri lagt til að stjórn bankans fengi heimild til endurkaupa í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi. Markmið tillögunnar samkvæmt greinargerð stjórnar væri að setja fram með gegnsæjum hætti hvernig bankanum skuli vera heimilt að ráðstafa fjármunum til hluthafa, samhliða arðgreiðslustefnu bankans. Gerði fundarstjóri grein fyrir því að tillagan fæli í sér breytingu á samþykktum bankans þar sem bæta ætti heimildinni við sem viðauka við þær.

Fundarstjóri bar því næst upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

*Stjórn Arion banka leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt. Jafnframt er lagt til að verði tillagan samþykkt verði heimildarinnar getið í viðauka við samþykktir bankans, í stað núverandi viðauka sem fellur niður, og verði þannig hluti af samþykktunum í samræmi við ákvæði 9.3 samþykkt bankans: „Aðalfundur Arion banka hf. haldinn 17. mars 2020 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum*



almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2021 en hafi hann ekki farið fram 15. september 2021 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### 14. Heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að stjórn yrði veitt heimild til útgáfu áskriftarréttinda að 54.000.000 í bankanum, sbr. 46. gr. laga um hlutafélög. Samkvæmt greinargerð stjórnar með tillögunni væri ráðgert að bjóða áskriftarréttindin til sölu í lokuðu útboði, en tilgangur útgáfunnar væri m.a. að stuðla að virkri verðmyndun með hlutabréf í félaginu í kaughöllum og gera starfsmönnum og öðrum fjárfestum kleift að fjármagna til langs tíma kaup á hlutabréfum í félaginu með fyrirfram þekktri eigin áhættu.

Bar fundarstjóri því næst upp til atkvæða eftirfarandi tillögu stjórnar:

*Stjórn bankans leggur til að tekin verði upp ný grein 4.9 í samþykktir félagsins, svohljóðandi: „Stjórn félagsins er heimilt, fram til aðalfundar árið 2022, að gefa út áskriftarréttindi fyrir allt að 54.000.000 nýjum hlutum í félaginu. Stjórn er jafnframt í fimm ár, til 17. mars 2025, heimilt að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við nýtingu áskriftarréttindanna. Stjórn ákveður hverjir fái rétt til að taka þátt í útboði þessara réttinda. Hvorki hluthafar né aðrir skulu njóta forgangsréttar til áskriftarréttindanna né hluta sem gefnir eru út í tengslum við nýtingu þeirra. Stjórn ákveður endanlegt söluverð áskriftarréttindanna á grundvelli áskriftarsöfnunar í lokuðu útboði og nánari skilmála þeirra.“*

Fundarstjóri óskaði eftir því að fært yrði til bókar að yrði tillagan samþykkt fæli hún í sér afsal hluthafa á forgangsrétti sínum til þeirra nýju hluta í félaginu sem kunna að verða gefnir út á grundvelli áskriftarréttindanna.

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Tvær spurningar voru bornar upp sem bárust í gegnum LUMI kerfið.

Fyrri spurningin, frá Vátryggingafélagi Íslands hf., sneri að framtíðarsýn bankans í tengslum við áskriftarréttindi, hvort að fyrirhugað væri að endurtaka sambærilega útgáfu og þá í hvaða magni.

Seinni spurningin, frá Íslandssjóðum, þar sem óskað var eftir nánari útskýringum á tillögunni, hver tilgangurinn með ráðstöfuninni væri og til hvaða hópa fjárfesta væri verið að horfa við útboð á slíkum réttindum.

Benedikt Gíslason, bankastjóri tók til máls og svaraði spurningum frá hluthöfum. Um fyrri spurninguna sagði Benedikt að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um að endurtaka útgáfu áskriftarréttinda, um einstaka tillögu væri að ræða og áréttaði að tillagan veiti stjórn heimild til að ráðast í útgáfu áskriftarréttinda og selja þau í lokuðu útboði. Það sé ákvörðun stjórnar hvort, hvenær og hvernig verði farið með heimildina. Um seinni spurninguna sagði Benedikt að líkt og tillagan bæri með sér væri markmiðið að stuðla að virkri verðmyndun með hluti í bankanum og gefa starfsfólki og öðrum fjárfestum tækifæri á að kaupa áskriftarréttindi í lokuðu útboði með fyrirframákveðinni áhættu. Ljóst væri að fyrir réttindin yrði greitt markaðsverð. Loks áréttaði Benedikt að þar sem um lokað útboð yrði að ræða væri fjöldi almennra fjárfesta takmarkaður við 150, fagfjárfestar mættu þó vera fleiri.





Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.<sup>1</sup>

### 15. Tillaga um breytingu á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum bankans. Fælust breytingarnar í því að réttur hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi takmarkaðist við aðalfundi bankans, en tæki ekki til annarra hluthafafunda. Í greinargerð stjórnar væri vísað til 2. mgr. 86. gr. laga um hlutafélög og tilskipun Evrópusambandsins nr. 2007/36/EB og tekið fram að tilgangur breytingarinnar væri að hluthafafundir um fyrirframákveðin málefni væru hnitmiðaðir, en um leið yrði réttur hluthafa til að bera upp mál áfram tryggður.

Því næst kynnti fundarstjóri eftirfarandi tillögu stjórnar:

*Lagt er til að grein 10.10 verði breytt, þannig að réttur hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til félagsstjórnar verði takmarkaður við aðalfundi bankans. Orðalag greinar 10.10 verði svohljóðandi verði breytingin samþykkt: 10.10 Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum aðalfundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.*

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

### 16. Önnur mál

Fundarstjóri spurði hvort stjórn bankans eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Brynjólfur Bjarnason, nýendurkjörinn stjórnarformaður bankans, óskaði eftir því að taka til máls. Brynjólfur þakkaði hluthöfum fyrir það traust sem endurkjörnum stjórnarmönnum var sýnt.

Brynjólfur lýsti yfir ánægju að fundurinn skyldi, á annað borð, hafa farið fram og þakkaði fundarstjóra, tæknimönnum og starfsmönnum fundarins fyrir að svo mætti verða. Brynjólfur vék aftur að þeim óvissutímum sem stæðu yfir, hann teldi viðbrögð Íslands við ástandinu góð. Loks sagði Brynjólfur stjórnendur og starfsfólk bankans afar hæft og að hann væri þess viss að bankinn kæmist í gegnum þennan ólgósjó, hann væri ekki svartsýnn á framtíðina.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

<sup>1</sup> Við yfirferð á niðurstöðum atkvæðagreiðslu við lok fundarins kom í ljós að ekki höfðu öll atkvæði skilað sér inn í talningu einstakra dagskrárlíða. Mannleg mistök urðu til þess að þau atkvæði sem greidd höfðu verið í gegnum annað kerfi skiluðu sér ekki með fullnægjandi hætti inn í kosningakerfið. Í tilfelli tillögu samkvæmd dagskrárlíð 14, þ.e. heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breyting á samþykktum, leiddu þessi mistök til þess að röng niðurstaða um atkvæðagreiðslu um tillöguna var birt á fundinum. Var því upphaflega fært til bókar að tillagan hefði verið felld. Hið rétta er að hún var samþykkt með rúmlega 80,8% greiddra atkvæða og var fundargerðin uppfærð til samræmis.



Að því loknu var óskað eftir samþykki fundarins fyrir því að fundarritari og fundarstjóri myndu ganga frá fundargerð að fundi loknum. Þá var það samþykkt að fundargerð skyldi ekki lesin upphátt í fundarlok í samræmi við 5. mgr. 90. gr. laga um hlutafélög, heldur hjá fundarritara fyrir þá sem þess óskuðu.

Fleira gerðist ekki og var fundi frestað kl. 17:37. Tekið var fram að boðað yrði til framhaldsaðalfundar í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög í þeim tilgangi að taka afstöðu til tillögu stjórnar um arðsúthlutun.

Snorri Sigurðsson, lögfræðingur  
Fundarritari

Guðbjörg Helga Hjartardóttir, lögmaður  
Fundarstjóri